

# Gangnaseðill 2023

Fjallskilanefnd Skagabyggðar hefur ákveðið að hinar venjulegu haustgöngur skuli fara fram haustið 2023 eftir því sem greinir í gangnaseðli þessum.

Fyrri göngur skuli fara fram laugardaginn 9. sept. en þær síðari laugardaginn 16. sept. sé gott leitarveður en annars næsta leitarfæran dag þar á eftir.

Í fyrri göngum skal smala sauðfé úr afrétt og heimahögum eftir venju, en í síðari göngum bæði sauðfé og hrossum. Skal fénaður allur rekinn til Fossáréttar.

Réttarstjóri í báðum réttum verði Vignir Sveinsson.

## Útheiðargöngur

Norðan frá og þar fram sem sýslumörk ráða fram um Þrívörðuhól að vestan með sjó fram að Fossá að undanskildum afgirtum svæðum eftir venju.

Í fyrri og síðari göngur leggi þessir til menn:

Jón Helgi Víkum	4 menn
Vignir Höfnum	5 menn
Baldvin Tjörn	2 menn
Árni Krókssemi	1 mann

Árni í Krókssemi leggi til ökutæki að Skjaldbreið til að flytja latrækar kindur til réttar.

Gangnaforingi í báðum göngum verði Vignir Sveinsson.

## Miðheiðargöngur

Auk hefðbundinna gangna í Miðheiðinni smali gangnamenn þar, land Skagstrendinga frá Greiðir á Refshala austur um Þverfell á sýslumörk og út um Hraunvatn.

Í fyrri og síðari göngur leggi þessir til menn:

Steinar Steinnýjarstöðum	3 menn
Rafn Örlygsstöðum	3 menn

Gangnaforingi í báðum göngum verði Steinar Kristjánsson.

## Fjallagöngur

Úr Brandaskarði vestan fjalla meðfram girðingum eftir venju norður um Moldás. Austan fjalla verði smalað úr Brandaskarði eftir venju norður um Moldás.

Einnig smali fjallamenn land Skagstrendinga fyrir neðan Stallabrúnir niður í dalbotn.

Í fyrri og síðari göngur leggi þessir til menn:

Jens Brandaskarði	1 mann
Sigþór Skeggjastöðum	4 menn
Guðjón Hofi	3 menn
Ingimar Gísli Hofi	2 menn
Arnar Páll Hofi	1 mann

Gangnaforingi í báðum göngum verði Guðjón Ingimarsson.

## **Ásagöngur**

Frá Hofsá að sunnan ofan girðinga út Brekku og Króksbjarg að Fossá en að framan samsíða fjallamönnum til Fossáréttar.

Í fyrri og síðari göngur leggi þessir til menn:

Steingrímur og Kurfi 3 menn

Sigbór Skeggjastöðum 2 menn

Gangnaforingi í báðum göngum verði Steingrímur Benediktsson.

## **Selnesrétt**

Í fyrri og seinni Selnesrétt hirði fyrir Skagabyggð Steinn Rögnvaldsson Hrauni.

## **Fellsrétt**

Í fyrri og seinni Fellsrétt hirði fyrir Skagabyggð Magnús Guðmannsson Vindhæli.

## **Kjalarlandsrétt**

Í fyrri og seinni Kjalarlandsrétt hirði fyrir fjallskiladeild Skagamanna Magnús Guðmannsson á Vindhæli.

## **Skrapatungurétt**

Í Skrapatungurétt hirði fyrir fjallskiladeild Skagamanna Magnús Guðmannsson á Vindhæli og komi hann sauðfé og hrossum til réttra viðtakenda.

## **Eftirleit fer fram laugardaginn 23. september**

Í útheiðinni skal þá smala frá Selvatni að norðan um Selfell, austur um sýslumörk fram að Höfðavötnum. Að vestan um Svínafell og Stóru-Skjaldbreið.

Þessir leggi til menn:

Baldvin Tjörn 1 mann

Jón Helgi Víkum 1 mann

Vignir Höfnum 2 menn

Árni Króksseli 1 mann

Leitarstjóri verði Vignir Sveinsson.

Smalað verður sama landsvæði og í fyrri göngum.

Í Miðheiðina leggi þessir til menn:

Rafn Örlygsstöðum 2 menn

Steinar Steinnýjarstöðum 2 menn

Leitarstjóri verði Steinar Kristjánsson.

Fjöllin úr Brandaskarði norður fyrir Öxl smöluð og leggi þessir til menn:

Steingrímur og Elín Kurfi 1 mann

Guðjón Hofi 1 mann

Sigbór Skeggjastöðum 2 menn

Ingimar Gísli 1 mann

Arnar Páll 1 mann

Leitarstjóri verði Sigbór Hallgrímsson.

Guðjón á Hofi leggi til farartæki að Langavatni í báðum göngum til að flytja latrækar kindur til réttar.

Fjárskil fara fram í Fossárrétt mánudaginn 2. október.

Jón Helgi í Víkum hirði fyrir Skagabyggð á fjárskilum Skeflunga.

Innansveitarfé sem finnst í eftirleit og við smölun heimalanda gangi til réttra umráðamanna en utansveitarfé verði komið í Fossárrétt og fjallskilastjóra gerð grein fyrir því.

Ætlast er til að umráðamenn landa hreinsi lönd sín af ókunnugum fénaði fyrir seinni réttir og fjárskil og komi þeim fénaði til Fossárréttar og fjallskilastjóra gerð grein fyrir því.

Komi ókunnugur fénaður fyrir á öðrum tímum eiga umráðamenn landa að ráðstafa þeim fénaði í samráði við eigendur fjárins. Ekki er gert ráð fyrir að fénaður verði látinn í réttarhólfið eftir réttir.

Marklýsingu í Fossárrétt og á fjárskilum annist Jón Helgi Sigurgeirsson og Guðjón Ingimarsson.

Gangnaforingjar eru minntir á að gæta þess vandlega að sjúkar kindur séu einangraðar svo fljótt sem við verður komið. Skal fjallskilastjóri sjá um að þær verði skoðaðar af dýralækni sé talin þörf á því.

Gangnaforingjar hafi samráð um tímasetningar milli gangnaflokka svo fénaður renni ekki inn á smalað land. Einnig eru gangnaforingar hvattir til að hafa samráð um talstöðvarrásir á milli svæða.

Með vísan til 10. greinar fjallskilareglugerðar heimilar fjallskilastjórn smölun ógirtra heimalanda fyrir sitt leiti allt að 10 dögum fyrir göngur svo menn geti nýtt sér slátrun og til að létta á smalamennsku. Úrtíningur sem úr slíkum smölunum kemur, sem ekki er sóttur af eigendum, ellegar aftur á afrétt.

Með vísan til 17. greinar fjallskilareglugerðar verður innheimt 50% álag á fjallskil: „Ef einhver vanrækir að gera fjallskil, sem honum ber, skal hann greiða samsvarandi kostnað, auk sektar, allt að helmingi af matsverði fjallskila, sbr. 44. grein laga um afréttarmálefni, fjallskil o.fl., nr. 6/1986“.

Með vísan til 20. greinar fjallskilareglugerðar „Hafi búfjáreigandi engan hæfan mann til fjallskila og getur eigi útvegað hann, skal hann tilkynna hreppsnefnd eða fjallskilastjóra það skriflega fjórum dögum áður en fjallskilin eiga að vinnast, en þessir aðilar útvega mann eða annað sem vantar, svo sem hesta eða fæði, og borgar þá búfjáreigandi allan kostnað, sem af fjallskilum leiðir, án tillits til mats á þeim“.

Að öðru leyti en hér greinir fer um skyldur og réttindi manna eftir fjallskilasamþykkt fyrir Austur-Húnavatnssýslu nr. 299/2009.

Fjallskilastjóri er Jón Helgi Sigurgeirsson

**Kind er 1 eining en hross er 2,5 einingar.**

**Gjald á einingu er 375 kr.**

**Gagnadagsverk er 12.000 kr.**

Fjallskilanefnd Skagabyggðar  
Skagabúð 17. ágúst 2023